

1. fundur samstarfsnefndar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd Borgarbyggðar og Skorradalshrepps kom saman til 1. fundar þann 26. ágúst 2024 í Ráðhúsi í fjarfundi.

Fundinn sátu:

- Lilja B. Ágústsdóttir, starfsmaður verkefnishóps
- Guðveig Eyglóardóttir, frá Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, frá Borgarbyggð
- Jón Einarsson, frá Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, frá Skorradalshreppi
- Róbert Ragnarsson frá KPMG
- Jón Hrói Finnsson frá KPMG sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning formanns

Samþykkt að Guðveig verði formaður nefndarinnar.

2. Fundartímar samstarfsnefndar

Ákveðið að miða við að reglulegur fundartími nefndarinnar verði mánudaga kl. 10.

3. Ráðgjöf við verkefnið

Lögð fram drög að viðauka við verksamning við KPMG um verkefnisstjórn við verkefnið. Samþykkt að fela sveitarstjóra Borgarbyggðar að ganga frá viðaukanum.

4. Hlutverk samstarfsnefndar

Farið yfir hlutverk samstarfsnefndar í sameiningarviðræðum skv. sveitarstjórnarlögum.

5. Verklag við mótun áhlits

Rætt um verklag við mótun áhlits. Ráðgjöfum KPMG falið að gera drög að verkefnisáætlun á grundvelli umræðnanna sem lögð verði fyrir á næsta fundi nefndarinnar.

6. Umsókn um stuðning til Jöfnunarsjóðs

Ráðgjöfum KPMG og formanni falið að ganga frá umsókn um stuðning til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir hönd samstarfsnefndar.

Fundi slitið kl. 10:55